

# Skýrsla Menntanefndar LH 2020

Í menntanefnd sitja: Arndís Brynjólfsdóttir, Herdís Reynisdóttir, Line Nørgaard, Oddrún Ýr Sigurðardóttir, Sigríður Pétursdóttir, Rósa Birna Þorvaldsdóttir en formaður nefndar er Mette Mannseth.

## Trainer of the year

Nefndin sá um að tilnefna Ragnheiði Samúelsdóttur fyrir Íslands hönd í kosningu FEIF um "Trainer of the year". Þetta var aðallega byggt á hennar starfi með töltgrúppuna sem hefur haft jákvæð áhrif fyrir hestamennskuna.

Úr greinargerðinni:

*"Reason for nomination*

*The reason for the nomination is first of all her work and success with the concept "Töltgroup". The Töltgroup is pushing riding in the direction of being a team sport and has been spreading through Iceland's stable areas and throughout the countryside, having a very positive effect on the riding culture."*

## FEIF-þing

Formaður nefndar sat fundi Menntanefndar FEIF á FEIF-þingi í Hveragerði, og gerði grein fyrir stöðu símenntunarstefnu Menntanefndar LH. Í framhaldinu var unnið í að uppfæra hana vegna nýrra reglna FEIF um símenntun. Símenntun er "Continuous Education Programme" eða CEP.

## Símenntunarkerfi þjálfara og reiðkennara LH

FEIF gerir lágmarkskröfur til símenntunar til að halda sér á lista FEIF yfir þjálfara og reiðkennara. Símenntunar reglur Menntanefndar LH eru birtar á heimasíðu LH undir "Menntun". <https://www.lhhestar.is/is/menntun/endurmenntun>

## Þjálfarastig LH

Mikil vinna fór í að klára reglugerð fyrir Þjálfarastig LH sem eru í samstarfi við ÍSÍ og Háskólann á Hólum. Skjalið er tilbúið og komið inn á heimasíðu LH undir "Menntun", <https://www.lhhestar.is/is/menntun/thjalfarastig-lh> og unnið er að kynningarefni til hestamannafélagana.

## Menntakerfi LH

Grunnurinn að menntakerfi LH er að hvetja til menntunar og tryggja að bak við hvert stig liggur raunveruleg þekking og geta. Menntakerfi LH hefur tekið á sig nýja mynd eftir tilkomu Þjálfarastiga LH og er einnig komið inn á heimasíðuna <https://www.lhhestar.is/is/menntun>. Ný uppfærsla af kerfinu mun veita fleirum aðgang að endurmenntun.

## Framundan

Framundan er að útfæra á hvernig Menntanefnd LH á að standa undir kröfum um aukna símenntun, bæði frá FEIF og ÍSÍ.  
Kynna þjálfarastig LH fyrir almenningi, hestamannafélögum sem og framhaldsskólum.

## Hlutverk Menntanefndar

Hlutverk Menntanefndar LH er að stuðla að aukinni menntun innan hestamennsku aukið aðgengi menntunnar þ.m.t. símenntun. Menntanefnd LH tryggir að staðlar og kröfur menntakerfisins sé fylgt eftir. Menntanefnd LH er í tengingu við Menntanefnd FEIF, ÍSÍ sem og opinberar menntastofnanir sem bjóða upp á nám í hestamennsku.

Fyrir hönd Menntanefndar LH  
Mette Mannseth